

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 21. október 2019 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-15/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 19. febrúar 2018 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á vörubifreið af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi sagði bifreiðina gallaða og krafðist þess að seljandi bæti úr gallanum á eigin kostnað þar sem bifreiðin eigi að vera í tveggja ára ábyrgð samkvæmt lausafjárkaupalögum. Nefndin lauk málinu þann 22. nóvember 2018 með álit nr. M-12/2018. Með álitinu var fallist á að tveggja ára tilkynningarfrestur ætti við um kaup álitsbeiðanda og var talið að álitsbeiðandi gæti gripið til vanefndarúrreða vegna galla á miðstöð vörubifreiðarinnar. Nefndin taldi að seljanda bæri að endurgreiða álitsbeiðanda útlagðan viðgerðarkostnað vegna gallans. Þann 16. janúar 2019 leitaði álitsbeiðandi til seljanda vegna niðurstöðu nefndarinnar. Kom þá í ljós að seljanda var alls ókunnugt um meðferð málsins fyrir kærunefndinni og hafði þar af leiðandi ekki komið sjónarmiðum sínum á framfæri í málinu. Seljandi krafðist þess að málið yrði endurupptekið hjá nefndinni.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 7. janúar 2019, var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið upp að nýju. Seljanda var gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér þá heimild og bárust andsvör hans 19. febrúar 2019. Sama dag voru andsvör seljanda send til álitsbeiðanda og honum gefinn kostur á að senda inn athugasemdir vegna þeirra. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og sendi inn frekari athugasemdir sem bárust nefndinni þann 28. febrúar 2019. Seljandi sendi inn frekari andsvör vegna athugasemda álitsbeiðanda og bárust þau þann 12. mars 2019. Álitsbeiðandi sendi nefndinni enn frekari athugasemdir vegna andsvara seljanda og bárust þær þann 19. mars 2019. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafi í mörg ár verið í viðskiptum við seljanda og m.a. keypt af honum vörubíla, rútur og gröfur. Mál þetta varðar ágreining um vörubifreið af gerðinni Z, fastanr. XX-000 sem keypt var af seljanda þann 3. júní 2016 fyrir 25.010.800 krónur. Skipta varð um miðstöð í bifreiðinni eftir aðeins 45.000 km. akstur þann 30. desember 2017, en sama bilun hafði áður komið upp í bifreiðinni og seljandi hafði þá gert við bifreiðina á eigin kostnað. Þar sem meira en ár var liðið frá kaupunum í lok árs 2017 féllst seljandi hins vegar ekki á að gera við bifreiðina á eigin kostnað. Einnig var bilun í svokölluðum „segulspólum“ sem geta haft áhrif á öryggi í akstri og telur álitsbeiðandi óeðlilegt að slíkur búnaður endist ekki lengur en rúmt ár. Að sögn álitsbeiðanda heldur seljandi því fram að bifreiðin og hlutar hennar séu aðeins í ábyrgð vegna galla í eitt ár frá kaupunum í samræmi við skilmála framleiðanda. Umþrætt viðgerð kostaði 81.084 krónur og krefst álitsbeiðandi þess að reikningurinn verði bakfærður.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum segir seljandi að álitsbeiðandi hafi samþykkt að ábyrgð vegna galla sé í eitt ár frá afhendingardegi og um það gildi föst og bindandi venja í viðskiptum aðila. Því til stuðnings bendir seljandi á reikning vegna kaupa á vörubifreiðinni XX-000 frá 3. júní 2016, en þar kemur fram um ábyrgð: „Ábyrgð samkvæmt gildandi samningi Z Truck“. Álitsbeiðandi hefur ekki gert athugasemdir við þetta orðalag og hefur reikningurinn verið greiddur að fullu. Seljandi sendi inn ábyrgðarskilmála Z Trucks ásamt andsvörum sínum en þar kemur fram að ábyrgðin gildi í 12 mánuði frá afhendingardegi en geti gilt lengur fyrir einstaka hluta aflrásarinnar. Seljandi sendi einnig inn gátlista sem gerður var við kaupin og var undirritaður við kaup á vörubifreiðinni af álitsbeiðanda. Þar kemur fram að kaupandi hafi kynnt sér þjónustu- og ábyrgðarskilmála Z Trucks. Að sögn seljanda hefur álitsbeiðandi margsinnis undirgengist þessa skilmála og fékk skilmálana m.a. senda með tölvupósti þann 29. mars 2016 að eigin beiðni. Þar sem viðgerðin fór fram 19 mánuðum eftir afhendingu bifreiðarinnar telur seljandi að hann beri ekki ábyrgð á greiðslu viðgerðarkostnaðarins. Hins vegar greiddi framleiðandi 31.922 krónur án virðisaukaskatts sem hluta viðgerðarkostnaðar vegna viðskiptavildar, sem seljandi kveðst hafa óskað sérstaklega eftir fyrir álitsbeiðanda.

Seljandi segir rangt að samskonar bilun hafi komið áður upp í bifreiðinni og að seljandi hafi þá greitt viðgerðarkostnaðinn. Samkvæmt þjónustusögu bifreiðarinnar hafi svipuð bilun ekki komið upp áður. Þá bendir seljandi á að hann hafi átt í farsælu viðskiptasambandi við álitsbeiðanda í áratugi og engar breytingar hafi átt sér stað á þessum tíma varðandi ábyrgðarskilmála Volvo Trucks. Stjórnendum álitsbeiðanda hafi verið fullkunnugt um skilmálana.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda bendir álitsbeiðandi á að einhliða yfirlýsing líkt og sú sem finna má í kaupsamningi um bifreiðina, þ.e. „Ábyrgð samkvæmt gildandi samningi Z Truck“, geti ekki leitt til þess að unnt sé að víkja frá reglum laga um lausafjárkaup nr. 50/2000. Lögin kveða á um tveggja ára tilkynningarfrest vegna galla á söluhlut. Þá hafi sá gátlisti sem seljandi vísar til ekki áhrif á ábyrgðartíma samkvæmt lögum, en í gátlistanum segir: „Viðskiptavininn hefur verið kynnt þjónustu- og ábyrgðarskilmálar Z Trucks“. Gátlistinn er að sögn álitsbeiðanda gerður í tilefni af afhendingu bifreiðarinnar, eftir að kaupin hafa gengið í gegn. Þá ráði tilviljun ein hvaða starfsmaður álitsbeiðanda sjái um að sækja bifreiðar sem fest hafa verið kaup á. Í umræddu skjali kemur einnig fram, feitletrað og undirstrikað, að sum atriðin á listanum þurfi ekki að eiga við viðkomandi vörubíl. Að mati álitsbeiðanda er þessi tilvísun mjög óljós og ekki hægt að átta sig á því hvaða atriði gátlistans það eru sem viðskiptavinur staðfesti með undirritun og hvaða atriði eru undanskilin. Seljandi geti ekki takmarkað réttindi álitsbeiðanda samkvæmt lögum með afturvirkum og mjög óljósum hætti með slíku skjali. Þá sé skjalið á ensku, þýsku, frönsku og spænsku en ekki íslensku.

Seljandi telur sig vísa í umrætt skjal bæði á reikningum sínum og gátlista samkvæmt andsvörum hans. Á þeim skjölum kemur hins vegar hvergi fram samkvæmt álitsbeiðanda að verið sé að takmarka ábyrgð seljanda miðað við það sem kaupanda er tryggt í íslenskum lögum. Álitsbeiðandi segir ljóst að um stóra ákvörðunarástæðu sé að ræða þegar komi að kaupum á nýrri bifreið enda skipti það kaupanda gríðarlega miklu máli hvort ábyrgð seljanda og búnaði hennar gildi í eitt eða tvö ár. Það verður því að mati álitsbeiðanda að gera kröfur til seljanda að hann kynni kaupanda það með fullnægjandi hætti að hann sé að semja sig undan íslenskum lögum og takmarka rétt sinn sem honum er þar tryggður. Gera verði kröfur til þess að skrifað sé sérstaklega undir slíkt atriði í viðskiptum aðila og að takmörkun á ábyrgð sé sett fram á íslensku.

Álitsbeiðandi mótmælir því harðlega að föst og bindandi venja hafi verið í gildi milli aðila um að hlíta þessum skilmálum. Kveðst hann einu sinni hafa fengið þessa skilmála

afhenta, með tölvupósti 29. mars 2016, í kjölfar kaupa á tveimur bifreiðum, XX-001 og XX-002. Í kaupsamningi um þessar bifreiðar er einnig vísað til skilmála Z Truck og óskaði álitsbeiðandi eftir þessum gögnum þar sem þau höfðu ekki verið kynnt honum á nokkurn hátt. Hann hafi ekki verið upplýstur um það við kaup á bifreiðunum að umræddir skilmálar takmörkuðu rétt hans samkvæmt íslenskum lögum og ekki heldur vegna kaupa á bifreiðinni XX-000.

Álitsbeiðandi vísar til viðhaldsskýrslu bifreiðarinnar, sem álitsbeiðandi hefur sent til nefndarinnar, og segir að svipuð bilun hafi komið upp áður þrátt fyrir það sem seljandi haldi fram í andsvörum sínum. Samkvæmt skýrslunni var gerð athugasemd við splittun þann 27. mars 2017 og voru spólur fyrir splittun mældar og skipt um spólu fyrir þversplittun.

Álitsbeiðandi segir að lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup gildi í viðskiptum aðila en ekki skilmálar framleiðanda þar sem honum var ekki greint frá efnislegu innihaldi skilmálana og hann hafi ekki samþykkt að gangast undir þá.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum seljanda bendir hann á að sá sem sótti umrædda bifreið og undirritaði viðkomandi skjöl var forsvarsmáður og stjórnarmaður álitsbeiðanda. Þá segir seljandi rangt að ábyrgðarskilmálar Z Truck hafi ekki verið lagðir fram við kaup á bifreiðinni XX-000 enda hafi álitsbeiðandi staðfest að svo hafi verið með undirskrift sinni. Ábyrgðarskilmálarnir eru einnig hluti af þeim gögnum sem fylgdu bifreiðinni ásamt öllum öðrum Z vörubifreiðum sem seljandi afhendir. Einn kafli í handbókinni sem fylgir öllum nýjum Z vörubifreiðum fjallar um ábyrgðarskilmála, þ.e. „warranty“. Þá segir seljandi að ábyrgðarskilmálarnir séu á ensku en hann eigi þá til á íslenskri þýðingu og láti kaupendur fá þá á íslensku ef óskað er eftir því. Seljandi segir rangt að álitsbeiðandi hafi aðeins einu sinni fengið skilmálana afhenta enda hafi aðilar átt í viðskiptasambandi í yfir 30 ár og skilmálarnir hafi ekki breyst á þeim tíma. Þá ítrekar seljandi að hann sjái ekki í gögnum sínum að miðstöð bifreiðarinnar hafi verið skipt út á kostnað seljanda. Hins vegar vísi álitsbeiðandi í viðhaldsskýrslu og athugasemd við splittun, en seljandi kveðst ætla að lagfæra reikning álitsbeiðanda vegna þeirrar viðgerðar eftir að hafa skoðað reikninginn. Segulspóla sem skipt er út ætti að vera í ábyrgð hjá framleiðanda að sögn seljanda.

VII

Enn frekari athugasemdir álitsbeiðanda

Í frekari athugasemdum sínum ítrekar álitsbeiðandi að tilviljun ráði því hvaða starfsmenn sæki bifreiðar fyrirtækisins, þó að stjórnarmaður hafi gert það í þessu tilviki. Þá kveðst álitsbeiðandi ekki vita til þess að slíkur gátlisti hafi áður verið hluti af gögnum vegna viðskipta hans við seljanda. Á fundi með framkvæmdarstjóra seljanda, þann 20. febrúar 2019, kveðst álitsbeiðandi hafa farið fram á að hann fengi afhenta gátlista vegna kaupa á tilgreindum nýjum bifreiðum af seljanda. Álitsbeiðandi fékk hins vegar ekki afhend gögnin á fundinum og með tölvupósti 21. febrúar staðfesti stjórnarmaður seljanda að erindið væri mótttekið og í skoðun. Álitsbeiðandi segist þó ekki enn hafa fengið gögnin frá seljanda, enda telur hann að þau séu ekki til.

Álitsbeiðandi ítrekar að skjalið sem seljandi hefur nú lagt fram um ábyrgðarskilmála Z Truck hafi ekki verið lagt fram við kaup á bifreiðinni XX-000. Þá bendir álitsbeiðandi á að sá stjórnarmaður sem tók við bifreiðinni sé hvorki lesandi né skrifandi á öðrum tungumálum en íslensku og því sé það sérkennilegt að seljandi afhendi ábyrgðarskilmálana ekki almennt á íslensku fyrst hann eigi þá til. Þá bendir álitsbeiðandi aftur á að umræddur gátlisti hafi ekki verið gerður fyrr en eftir kaupin. Álitsbeiðandi ítrekar einnig að hann hafi einungis einu sinni fengið afhenta ábyrgðarskilmála Z Truck en það hafi verið vegna kaupa á tveimur öðrum

bifreiðum enda vísað til skilmálanna í kaupsamningnum. Við kaup á bifreiðinni sem nú er deilt um hafi hins vegar ekki verið vísað til skilmálanna eða þeir afhentir. Þá var álitsbeiðandi aldrei upplýstur um að skilmálar þessir takmörkuðu rétt hans varðandi ábyrgð seljanda að eigin sögn.

VIII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi vörubifreiðina XX-000 þann 3. júní 2016 fyrir 25.010.800 krónur. Nokkru eftir kaupin bilaði miðstöð bifreiðarinnar og að sögn álitsbeiðanda gerði seljandi við miðstöðina á eigin kostnað. Seljandi hafnar hins vegar þeirri fullyrðingu. Um einu og hálfu ári eftir kaupin bilaði miðstöðin aftur, ásamt því að skipta varð um segulspólu. Óskaði álitsbeiðandi eftir því við seljanda að hann gerði við bifreiðina sér að kostnaðarlausu þar sem um galla væri að ræða. Seljandi féllst ekki á það á þeim grundvelli að meira en ár væri liðið frá kaupnum. Seljandi krafðist greiðslu að fjárhæð 81.084 krónur vegna viðgerðarinnar, en hefur við meðferð málsins fallist á að endurgreiða álitsbeiðanda fyrir segulspólu þar sem slík viðgerð eigi að vera í ábyrgð samkvæmt skilmálum Volvo Trucks.

Ágreiningur málsins er því sá hvort seljanda beri að endurgreiða álitsbeiðanda reikninginn að fullu. Niðurstaðan ræðst af því hvort unnt sé að líta svo á að aðilar málsins hafi komist að samkomulagi um að takmarka ábyrgð seljanda vegna galla frá tveimur árum í eitt ár í samræmi við skilmála Volvo Trucks.

Aðilum að kaupsamningi, sem fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup (lkpl.), er heimilt samkvæmt 3. gr. laganna að semja sín á milli um þá skilmála sem gilda eiga um viðskiptin, en slíkir skilmálar geta verið frábrugðnir þeim meginreglum sem mælt er fyrir um í lausafjárkaupalögum. Álitsbeiðanda og seljanda var því heimilt að semja sín á milli um að eins árs tilkynningarfræstur gildi vegna galla á vörubifreiðinni.

Í reikningi vegna kaupa á vörubifreiðinni segir um ábyrgð: „Ábyrgð samkvæmt gildandi samningi Z Truck“, án frekari útskýringa. Neðst í skjalinu er svo að finna upplýsingar um skilafresti og fresti til að gera athugasemdir við viðgerðarþjónustu seljanda. Þá kemur einnig fram í þeim texta að: „Gagnvart lögaðilum gilda ábyrgðarskilmálar framleiðanda á vörum og viðgerðarþjónustu“.

Álitsbeiðandi byggir á því að seljandi hafi ekki greint honum frá efnislegu innihaldi skilmála framleiðanda og hann hafi ekki samþykkt að gangast undir skilmála sem takmarka ábyrgð seljanda vegna galla. Í gátlista sem seljandi hefur lagt fyrir kærunefndina, sem var fylltur út í tengslum við kaup á vörubifreiðinni XX-000, kemur fram að: „Viðskiptavini hefur verið kynnt þjónustu- og ábyrgðarskilmálar Z Trucks“. Er gátlistinn undirritaður af hálfu álitsbeiðanda. Í gögnum málsins liggur því fyrir staðfesting álitsbeiðanda í formi undirritunar fyrir því að álitsbeiðandi hafi verið kynntir skilmálar Z Trucks. Seljandi hefur einnig lagt fram gögn í málinu sem staðfesta að álitsbeiðandi hafi fengið skilmálana senda með tölvupósti þegar álitsbeiðandi óskaði eftir þeim þann 29. mars 2016, um það bil tveimur og hálfum mánuði áður en álitsbeiðandi festi kaup á umþrættri vörubifreið. Óskaði álitsbeiðandi eftir skilmálunum vegna tilvísunar til skilmálanna og ábyrgðar samkvæmt þeim í kaupsamningnum vegna tveggja annarra bifreiða, XX-001 og XX-002. Það liggur því fyrir að álitsbeiðandi var kunnugt um tilvist skilmálanna og því hlutverki sem skilmálarnir höfðu að gegna við kaup á öðrum bifreiðum af seljanda. Álitsbeiðandi og seljandi hafa átt í viðskiptasambandi um langa

hríð og af þeim gögnum sem seljandi hefur lagt fram verður ráðið að álitsbeiðandi hafi fest kaup á fjölmörgum öðrum bifreiðum af seljanda þar sem hann gekkst undir sömu skilmála.

Með vísan til þeirra gagna sem seljandi hefur lagt fram í málinu getur kærunefndin ekki fallist á það að álitsbeiðanda hafi verið ókunnugt um skilmálana, enda hafði álitsbeiðandi haft tækifæri til að kynna sér efnislegt innihald þeirra fyrir kaupin.

Kærunefndin telur í samræmi við framangreint að aðilar hafi komist að gagnkvæmum samningi um takmörkun ábyrgðar seljanda í eitt ár frá kaupum vörubifreiðarinnar. Var tilkynningarfrestur því liðinn þegar álitsbeiðandi tilkynnti um galla á vörubifreiðinni þann 30. desember 2017, um einu og hálfu ári eftir kaupin.

IX **Álitsorð**

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson